

Þriðjudaginn 16. október 1984.

Nr. 10/1983. **Björn Thoroddsen**

(Ingvar Björnsson hdl.)

gegn

Þórunni Christiansen

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Hjón. Lögskilnaður. Krafa um ógildingu skilnaðarsamnings. Áfrýj-
un. Fjárnám. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Þ. Torfason og Guðrún Erlendsdóttir hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 16. júlí 1982 að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 30. júní 1982. Þingsókn féll niður af hans hendi í því máli 7. janúar 1983, og var það mál þá hafið. Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju 13. janúar 1983 samkvæmt heimild í 36. gr. framangreindra laga. Dómkröfur hans eru aðallega þær, að samningur málsaðilja, er gerður var vegna skilnaðar þeirra að borði og sæng 15. janúar 1979, verði dæmdur óskuldbindandi fyrir hann frá og með útgáfu leyfis dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til lögskilnaðar aðilja 29. október 1980, en til vara, að ákvæði 1.2. í samningi þessum um skyldu áfrýjanda til að greiða hálf t meðlag umfram meðalmeðlag með hverju barni aðilja verði dæmt óskuldbindandi fyrir hann frá og með áður greindum degi. Þá krefst hann og, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð og hin áfrýjaða lögtaksgerð verði úr gildi felldar. Loks krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, fjárnámssgerðar og lögtaksgerðar. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hin áfrýjaða lögtaksgerð fór fram 23. apríl 1982 samkvæmt úrskurði bæjarfógetans í Hafnarfirði 5. s.m. um að lögtak ætti fram að fara hjá áfrýjanda fyrir hálfu meðalmeðlagi með hverju hinna fimm barna málsaðilja fyrir tímabilið janúar-apríl, að báðum mánudum meðtöldum, eftir því sem lögskilnaðarleyfi kvæði á um. Lögtaksgerðin stendur samkvæmt þessu ekki í slíku sambandi við hinn

áfrýjaða dóm og fjárnámsgerð að henni mætti áfrýja ásamt þeim. Ber því að vísa áfrýjun lögtaksgerðarinnar sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi er verðmæti eigna aðilja við skilnað að borði og sæng tiltekið í nýkrónum.

Fallast má á það, að málshöfðunarfrestur samkvæmt 2. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972 hafi verið liðinn er mál þetta var höfðað. Þá eru ekki sannaðir annmarkar á gerð samnings aðilja, er leitt geti til þess, að hann verði metinn ógildur samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936 eða öðrum reglum fjármunaréttar um ógilda löggerninga.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Og með því að engir annmarkar eru á hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð ber einnig að staðfesta hana.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti er ákveðst 20.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjun framangreindrar lögtaksgerðar er vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Björn Thoroddsen, greiði stefndu, Þórunni Christiansen, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og
Þórs Vilhjálmssonar.**

Að okkar áliti mátti áfrýjandi skjóta til Hæstaréttar lögtaki því, sem gert var 23. apríl 1982, í sama máli og bæjarþingsdómnum frá 19. febrúar 1982 og fjárnáminu, sem fram fór sama dag og lögtakið. Skylda áfrýjanda til að greiða hálfð annað meðalmeðlag byggist á samningi málsaðilja 15. janúar 1979. Þessum samningi var ekki breytt, þegar leyfi til skilnaðar að borði og sæng og síðar til lögskilnaðar voru veitt, og verður því að telja, að það sé þessi samningur, en ekki yfirvaldsúrskurður, sem ákveður meðlagið. Við fáum ekki séð, að það breyti þessari niðurstöðu, að áfrýjandi krafðist þess, áður en lögskilnaðarleyfi var veitt, að meðlagsgreiðslur breytt-

ust þannig, að hann greiddi meðalmeðlag, enda breytti ráðuneytið ekki ákvæði samningsins frá 1979 að þessu tilefni svo sem fyrr segir.

Lögtakið og bæjarþingsmálið, sem dæmt var 19. febrúar 1982, voru því af sömu rót runnin, og mátti þess vegna skjóta þeim undir dóm Hæstaréttar í einu hæstaréttarmáli samkvæmt 58. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973, 1. mgr. 70. gr. einkamálalaga nr. 85/1936 og 117. gr. sömu laga.

Samkvæmt þessu teljum við að dæma beri um þá kröfu áfrýjanda, að lögtakið verði felld úr gildi. Ekki teljum við efni til að taka kröfuna til greina.

Að öðru leyti erum við sammála meirihluta dómara.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 19. febrúar 1982.

Mál þetta sem dómtekið var 15. þ.m., að loknum munnlegum málflutningi, hefur Björn Thoroddsen flugstjóri, Strandgötu 73, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 3. september sl., gegn Þórunni Christiansen, húsmóður og skólaritara, Miklabergi, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að skilnaðarsamkomulag aðilja, dags. 15. janúar 1979, verði dæmt óskuldbindandi fyrir stefnanda frá og með útgáfu lögskilnaðarleyfis hinn 29. október 1980. Jafnframt krefst stefnandi þess, að stefndu verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu og eigi lægri en samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en við munnlegan flutning málsins var þess krafist af hálfu stefnanda til vara, að gr. 1.2. í skilnaðarsamkomulaginu, hvað varðar skyldu til greiðslu ½ umframmeðlags, verði dæmt óskuldbindandi fyrir stefnanda frá og með 29. október 1980 og málskostnaðar eins og í aðalkröfu.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að skilnaðarsamkomulagið haldist óbreytt, hún verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda í málinu og dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að skaðlausu að mati dómsins. Af hálfu stefndu er því jafnframt mótmælt, að varakrafa stefnanda komist að í málinu sem of seint fram komin.

Málsaðiljar gengu í hjúskap 1. ágúst 1964 og eignuðust 5 börn. Þau fengu eftir sameiginlegri ósk útgefið leyfi til skilnaðar að borði og sæng með bréfi, dags. 15. janúar 1979. Vegna skilnaðarins höfðu þau gert með sér skilnaðarkjarasamning, sem dags. er sama dag, 15. janúar 1979. Efni samningsins er þetta:

„1.0. Hjónin eiga saman börnin Kristínu Maríu, f. 20.11. 1968, Atla, f.

29.5. 1970, Hrafn, f. 11.7. 1973, Höllu, f. 24.8. 1977 og Helgu, f. 24.8. 1977.

- 1.1. Þórunn hefir forræði allra barnanna.
- 1.2. Björn skal greiða 1½ meðlag, eins og það er ákveðið af Trygginga- stofnun ríkisins hverju sinni, með hverju barnanna um sig, frá og með 1. febrúar 1979 að telja til fullnaðs 17 ára aldurs þeirra eða lengur, ef það yrði ákveðið af opiberri hálfu. Gjaldldagi meðlagsins er 1. dag hvers mánaðar fyrirfram og greiðslustaður þar sem Þórunn ákveður. Þórunn getur einnig óskað greiðslu beint frá Trygginga- stofnun ríkisins á þeim hluta meðlagsins, sem sú stofnun greiðir.
- 1.3. Björn skal hafa umgengnisrétt við börn sín samkvæmt samkomulagi við Þórunni hverju sinni. Ef þau greinir á um inntak umgengnisrétt- arins eða það hversu honum verði beitt, getur Björn óskað úrskurðar dómsmálaráðuneytisins um þann ágreining, sbr. 3. mgr. 47. gr. 1. nr. 60/1972.
- 2.0. Björn skuldbindur sig til að greiða Þórunni lífeyri á meðan á skilnaði að borði og sæng stendur, þó aldrei lengur en í tólf mánuði. Lífeyris- greiðsla þessi nemur kr. 100.000 mánaðarlega, sem greiðast skal í fyrsta sinn 1. febrúar 1979 og skal greiðast Þórunni þar sem hún ákveður.
- 3.0. Um skiptingu eigna og skulda fer þannig:
 - 3.1. Í hlut Þórunnar kemur fasteign búsins, húseignin Miklaberg í Hafnarfirði, Þórunn tekur að sér greiðslu eftirtalinna veðskulda- bréfa, sem tryggt eru með veði í fasteigninni. Veðskuldir þessar eru allar við Lífeyrissjóð flugmanna og eru samkvæmt veðskjölum nr. 398, 375, 453, 531, 606, 739, 1073 og 1149, dags. 14.3. 1969, 20.8. 1969, 22.5. 1970, 11.5. 1971, 10.5. 1972, 19.2. 1974, 1.2. 1976 og 14.7. 1977. Tekur Þórunn að sér greiðslu þeirra vaxta og afborgana, sem falla í gjalddaga eftir 10. janúar 1979. Séu einhverjar afborganir eða vaxtagreiðslur gjaldfallnar þá, en ógreiddar, skulu þær greiðslur inntar af hendi af Birni.
Í hlut Þórunnar kemur einnig allt innbú og búslóð, sem nú er að Miklabergi, þegar frá eru taldar þær eignir, sem falla til Björns og sem greint verður í næsta tölulið hér á eftir.
Til viðbótar við framangreindar skuldir, sem Þórunn tekur að sér að greiða, tekur hún að sér að greiða skuld búsins við foreldra sína. Þórunn tekur ekki að sér greiðslu annarra skulda en þeirra, sem að framan eru upp taldar.
 - 3.2. Í hlut Björns falla eftirtaldar eignir:
Bífreiðin G-370, Citroen CX 2400 árg. 1977, flygill, handverkfæri

og bókasafn auk persónulegra muna. Þær eignir, aðrar en bifreiðin, sem nú eru að Miklabergi, skulu afhentar Birni, þegar hann óskar eftir, þó í síðasta lagi innan sjö daga frá dagsetningu samnings þessa að telja.

Björn tekur að sér greiðslu allra annarra skulda félagsbúsins en þeirra, sem upp eru taldar í tl. 3.1. Þ. á m. tekur Björn að sér greiðslu allra opinberra gjalda af eignum og tekjum ársins 1978. Hjónin munu telja fram sitt í hvoru lagi fyrir árið 1979 og greiða opinber gjöld í samræmi við það.

Hlutur Björns sem erfingja föður síns er séreign hans, þar eð móðir hans situr í óskiptu búi samkvæmt búsetuleyfi dags. 17. júlí 1978, og kemur því ekki til skipta.

- 3.3. Komi í ljós aðrar skuldir félagsbúsins en þær, sem taldar eru sérstaklega upp hér að framan og báðum er um kunnugt, skal það hjóna greiða þær, sem til þeirra stofnaði.
- 4.0. Með samningi þessum, sem gilda skal einnig eftir lögskilnað, ef til kemur, fellur niður sameiginlegt fjárfélag hjónanna og á hvorugt þeirra kröfu á hitt umfram það, sem að framan greinir.“

Hinn 1. október 1980 kom stefnandi fyrir Guðmund L. Jóhannesson aðalfulltrúa bæjarfógetans í Hafnarfirði, vegna skilnaðarmálsins, og var þá bókað:

„Maðurinn er mættur og óskar þess að nú verði gefið út leyfisbréf með þeim hjónum með sömu kjörum og greinir í framl. leyfisbréfi að öðru leyti en því að hann fer fram á að skilnaðarkjörum verði breytt þannig að hann greiði framvegis 1 meðalmeðlag með hverju barni þeirra hjóna. Ástæðuna fyrir þessari breytingu kveður hann vera að fjárhagur hans sé nú mikið verri en þegar samningurinn um skilnaðarkjörin var gerður. Hann hefur ekki á greindu tímabili fengið samsvarandi launahækkanir og aðrir starfsmenn þar sem flugmenn hafi ekki fylgt eftir launakröfum sínum af neinni hörku og nú hafi honum verið sagt upp starfinu frá 1. des. n.k. Þá hafi skattbyrði hans þyngst m/v það sem var, er hann var búandi með konunni og valdi þar að mestu að hann njóti ekki lengur frádráttar v/greiðslu vaxta af veðskuldabréfum, en einnig hafi hækkun skattstigans v/hærri tekna komið illa við hann. Hann kveðst greiða í opinb. gjöld 1980 um kr. 5.000.000. Þá greiði hann í lífeyrissjóð flugmanna um kr. 1.000.000 á ári, en vergar tekjur hans árið 1980 verði um kr. 16.100.000.

Hann kveðst eiga eftir af launum sínum þegar hann hefur greitt meðlög-in til konunnar um kr. 360.000 á mán. sem nægi honum ekki til framfæriss.

Maðurinn kveður nokkurn misbrest vera á því að hann njóti umgengnisréttar við börnin eins og um væri samið.

Hann kveðst ef ekki verður fallist á lækkun meðlagsgreiðslunnar af hans hálfu gera kröfu til að fá forræði allra barnanna og fá þau til sín og falli þá niður meðlagsgreiðslur til konunnar.

Hann kveður eignaskiptum vera lokið og uppgjöri skulda.“

Síðar sama dag kom stefnda fyrir greindan valdsmann og var þá bókað: „Henni eru kynntar kröfur mannsins. Hún er því samþykk að gefið verði nú út leyfi: bréf um lögskilnað með þeim hjónum.

Hún fellst ekki á að nein breyting verði gerð á fyrra samkomulagi um skilnaðarkjör, heldur gerir kröfu til að þau gildi áfram.

Hún kveðst ekki komast af með minna en $1\frac{1}{2}$ meðlag með hverju barni auk mæðralauna, og þess sem hún vinnur sér inn með $\frac{1}{2}$ dags vinnu. Þetta hrökkvi einungis fyrir nauðpurftum og til greiðslu afborgana og vaxta af lánnum, og rekstrargjalda vegna húseignarinnar.

Hún setur á það áherslu að laun mannsins hafi ekki versnað verulega frá því hann skrifaði undir skilnaðarsamkomulagið og hann hafi þá getað séð fyrir, að hann þyrfti að greiða opinb. gjöld af væntanl. launum.

Hún kveðst því mótfallin að maðurinn fái forræði barnanna. Þau hafi sameiginl. heimili hjá henni og eru vel samrýnd og væri mjög óheppilegt að skilja þau að.

Hún kveður ekki rétt að maðurinn njóti ekki umgengnisréttar við börnin eins og samið hafi verið um. Hann hafi lítið sem ekkert sótt eftir að fá börnin til sín og hirt lítið um að hafa samgang við þau.

Hún kveður eignaskiptum og uppgjöri skulda lokið.“

Í leyfisbréfi dómsmálaráðherra, dags. 29. október 1980, til lögskilnaðar milli málsaðilja segir, að með „... því að hinar lögboðnu sáttatilaunir, sem fram hafa farið lögum samkvæmt, hafa reynzt árangurslausar, veitist hér með leyfi til lögskilnaðar milli téðra hjóna, Björns Thoroddsen og Þórunnar Christiansen, með þeim skilmálum, að konan hafi forræði barna þeirra, Kristínar Maríu, f. 20. nóvember 1968, Atla, f. 29. maí 1970, Hrafns, f. 11. júlí 1973, Höllu, f. 24. ágúst 1977 og Helgu, f. 24. ágúst 1977, og greiði maðurinn konunni $1\frac{1}{2}$ meðalmeðlag með hverju barni frá útgáfudegi leyfisbréfs þessa að telja til fullnaðs 17 ára aldurs þeirra.

Meðlagið greiðist fyrirfram 1. hvers mánaðar, en fyrir yfirstandandi mánuð þegar í stað.

Faðirinn njóti eðlilegs umgengnisréttar við börnin eftir nánara samkomulagi við móður.“

Málsaðiljar komu fyrir dóminn 14. janúar sl. og gáfu skýrslu.

Stefnandi kvað það ekki rétt, að hann hafi verið í miklu andlegu ójafnvægi, er skilnaður átti sér stað, þrátt fyrir hið gagnstæða sem segir í stefnu. Er skilnaðurinn átti sér stað, hafi bróðir stefndu, Ásgeir Christiansen, tjáð sér, að hann fengi $\frac{1}{2}$ aukameðlagið dregið frá skatti. Þannig hafi honum

verið talin trú um þetta og treyst því, en það reynst rangt. Hann kvaðst ekki hafa notið aðstoðar lögfræðings við skilnaðinn eða gerð skilnaðarskilmála. Bróðir stefndu hafi verið milligöngumaður milli hans og stefndu. Hann kvaðst hafa viljað, að börnin yrðu áfram í sama húsi, og því ekki viljað skipta húseigninni. Ítrekað aðspurður gat stefnandi ekki bent á önnur atriði, sem teljast ætti óheiðarlegt af hálfu stefndu að byggja samninginn á. Það kemur fram í endurriti úr hjónaskilnaðarbók frá 15. janúar 1979, þar sem stefnandi var mættur og Jónas A. Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður fyrir stefndu, að stefnandi undirritaði skilnaðarsamkomulagið þar og þá. Hér fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa vitað, hvað hann var að skrifa undir, og áður hafa fengið skilnaðarsamninginn afhentan og þá kynnt sér hann. Stefnandi kvaðst gera meginágreining við meðlagsgreiðslurnar í sambandi við skilnaðarsamninginn, en í máli þessu sé hann að sækjast eftir því, verði skilnaðarsamkomulagið dæmt óskuldbindandi, að eignir aðilja verði metnar miðað við þann tíma, er skilnaður að borði og sæng gekk í garð, og síðan skipt helmingaskiptum. Hann kvaðst hafa borið fram þá ósk, er unnið var að skilnaðarskilmálum, að húseignin yrði að hálfu eign barna aðilja og þinglýst þannig. Á þetta hafa stefnda alls ekki viljað fallast. Hann kvað stefndu hafa þverbrotið umgengnisrétt hans.

Stefnda skýrði svo frá, að stefnandi hefði gengið út af heimili þeirra í júlí 1978 og þau alls ekki hafa getað ræðst við eftir það. Þau hafi ekkert ræðst við um skilnaðinn eða skilnaðarskilmála og ræði ekki enn saman. Hún kvað það rétt, að Ásgeir, bróðir hennar, hafi borið á milli þeirra, enda hafi stefnandi ekki viljað ræða við lögfræðing, sem hún hafi fengið sér til aðstoðar haustið 1978. Hún kveður stefnanda sjálfan hafa boðið, að húseignin kæmi í hennar hlut gegn því, að hún greiddi áhvilandi skuldir. Við því kvaðst stefnda hafa tekið. Hún kvaðst hafa talið það sanngjarnt, enda hafi það verið stefnandi, sem hafi verið brotlegur og horfið til þeirrar konu, sem hann búi nú með. Hún kveður þetta hafa komið sér allt saman á óvart. Hún kveður stefnanda sjálfan einnig hafa boðið 1½ meðalmeðlag með börnunum og að greiða 1.000.- krónur á mánuði í lífeyri til hennar í 12 mánuði. Hún kveðst jafnframt hafa fallist á þetta boð stefnanda um meðlagið og lífeyrinn. Hún keður engan ágreining um umgengnisrétt stefnanda við börnin, þetta komi aðeins til út af því, að hún gangi út frá því, að stefnandi verði sjálfur að vitja barnanna.

Stefnda ítrekaði, að það hafi verið stefnandi, sem boðið hafi upp á umrædd skilnaðarkjör, og hún þegið þau. Hún gat ekki ímyndað sér annað en stefnandi hafi verið í fullkomlega andlegu jafnvægi á þessum tíma, en kveðst ekki geta sagt það sama um sig sjálfa. Hún gat ekki ímyndað sér, að nein slík atvik hafi verið fyrir hendi, sem telja ætti óheiðarlegt að byggja skilnaðarsamninginn á.

Stefnda kvaðst ekki þekkja það, sem fram kom hjá stefnanda um skattafrádrátt vegna aukameðlagsins. Hún benti á, að stefnandi eigi mág, sem er lögfræðingur, og því hafi hann geta spurt hann, ef stefnandi hefði verið í einhverjum vafa.

Í stefnu og greinargerð byggir stefnandi á því, að er aðiljar gerðu skilnaðarsamkomulagið hinn 15. janúar 1979, hafi sameiginlegar eignir þeirra samkvæmt skattframtali ársins 1979 numið kr. 218.606.72, en skuldir kr. 21.903.91, sem geri hreina eign að fjárhæð kr. 196.702.81. Við skilnaðinn hafi komið í hlut mannsins aðeins bifreið að fjárhæð kr. 32.416.72, hluta-bréf að nafnverði kr. 500.00, sem geri samtals kr. 32.916.72, auk óverulegs hluta af innbúi. Á þeim tíma hafi stefnandi verið í miklu andlegu ójafnvægi, en fyrir stefndu hafi hæstaréttarlögmaður mætt við skilnaðinn og gengið frá skilnaðarkröfum. Stefnandi hafi á þeim tíma ekki gert sér grein fyrir því, að skilnaðarsamkomulagið væri bersýnilega ósanngjarnt, þegar tekið væri tillit til eignaskiptingar, greiðslu á kr. 1.000.00 á mánuði í lifeyri til stefndu og greiðslu $\frac{1}{2}$ viðbótarmeðlags með hverju barni þeirra. Skilnaðarsamkomulagið brjóti í bága við lög nr. 60/1972, sbr. lög nr. 20/1923, sbr. lög nr. 3/1878. Það sé grundvallarregla íslensks réttar um fjárskipti milli hjóna við skilnað samkvæmt 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923, að hvort hjóna um sig fái við skilnaðinn í sinn hlut helming af skýrri hjúskapareign hins. Hér eigi og við 55. gr. laga nr. 60/1972, VII. kafli laga nr. 20/1923 og VI. kafli laga nr. 3/1878. Helmingaskiptareglunnar hafi alls ekki verið gætt.

Á skattframtölum aðilja árið 1978 og 1979, dskj. nr. 6 og 7 komi fram eignir og skuldir aðilja á þeim tíma, er slit fjárfélags þeirra átti sér stað, og þegar þau gögn séu borin saman við skilnaðarsamninginn, sé ljóst, að hlutur stefnanda hafi verið með öllu fyrir borð borinn og stefnda virðist hafa fengið við skiptin í sinn hlut kr. 163.786.09 auk svo til allt innbú aðilja, þar með talin verðmæt heimilistæki auk venjulegs innbús. Stefnandi hafi samkvæmt því fengið í sinn hlut aðeins 17% af heildareignum búans, en stefnandi hafi verið fyrirvinna heimilisins þann tíma, er hjúskapur stóð, og lagt fram að mestu leyti allt það fé, er olli eignaraukningu búans. Teljist því samkvæmt þessu sem og 32. gr. laga nr. 7/1936, að fjárskiptin hafi verið svo ósanngjörn í garð stefnanda, að þau hljóti að vera óskuldbindandi fyrir hann, samanber 54. gr. laga nr. 60/1972, en mál þetta sé höfðað í tæka tíð, eða innan 1 árs frá útgáfu lögskilnaðarleyfis. Svo sem skilnaðarsamkomulagið sé úr garði gert, rýri það mjög möguleika stefnanda til þess að skapa sér viðunandi fjárhagsgrundvöll og stofna heimili á nýjan leik. Jafnframt hafi stefnda með öllu bannað stefnanda að hafa samband við börn sín og þannig hafi ákvæðið um umgengnisrétt í skilnaðarsamningnum ekki verið haldið af stefndu.

Málsástæðu, byggða á 32. gr. laga nr. 7/1936, reisir stefnandi á því, sem fram kemur í skýrslu hans um, að honum hafi verið talin trú um, að umframmeðlagið fengi hann dregið frá til skatts.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að málshöfðunarfrestur 2. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972 hafi verið liðinn, er stefnandi höfðaði mál þetta. Aðeins sé um að tefla skilnaðarskilmála, dags. 15. janúar 1979, og leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng verið gefið út sama dag á grundvelli samkomulagsins. Leyfisbréf til lögskilnaðar hafi svo verið gefið út að beiðni stefnanda 29. október 1981. Engin krafa hafi þá verið gerð um breytingu eða ógildingu á skilnaðarsamkomulaginu að því er varðaði fjárskipti aðilja. Í samræmi við 46. gr. laga nr. 60/1972 hafi lögskilnaðarleyfið síðan verið gefið út. Taki þetta af öll tvímæli um, að þegar liðið hafi verið ár frá útgáfu leyfisbréfsins til skilnaðar að borði og sæng, hafi stefnandi vegna vangæslu verið búinn að glata rétti sínum til þess að fá skilnaðarsamkomulagið lýst óskuldbindandi með dómi. Vísun stefnanda til 55. gr. laga nr. 60/1972 eigi ekki hér við, þar sem aðiljar hafi komið sér saman um skiptingu eigna og skulda með skilnaðarsamkomulaginu, og ekki heldur vísun til laga nr. 20/1923 eða VI. kafla laga nr. 3/1878. Ekki verði séð af þeim gögnum, er fyrir lágu, er greinargerð stefnanda var rituð, að 32. gr. laga nr. 7/1936 geti hér átt við, enda ekki bent á nein atriði, sem sýni, að stefnda hafi beitt óheiðarleika við fjárskipti aðilja. Við munnlegan flutning málsins var því algjörlega mótmælt af hálfu stefndu, að hún eða nokkur fyrir hennar hönd hafi beitt blekkingum við stefnanda eða stefndu verið kunnugt um slík atvik, sem þessi málsástæða verði byggð á. Af hálfu stefndu eru færð að því rök og því eindregið mótmælt, að eignaskiptingin hafi á nokkurn hátt verið óeðlileg eða hlutur stefnanda á nokkurn hátt verið fyrir borð borinn. Þvert á móti sé skilnaðarsamkomulagið sanngjarnt og því jafnframt haldið fram, að ákvörðun meðlagsgreiðslna heyri alfarið undir dómsmálaráðuneytið og komi því eigi hér til álita.

Álit dómsins.

Kröfur stefnanda í máli þessu eru byggðar á 54. gr. laga nr. 60/1972 og 32. gr. laga nr. 7/1936 og miðast því við þær aðstæður og atvik, sem fyrir hendi voru hinn 15. janúar 1979, er aðiljar gerðu með sér skilnaðar skilmálana, þar sem tekið var fram, að þeir skyldu einnig gilda eftir lögskilnað, sem þeir skulu og gera samkvæmt 46. gr. laga nr. 60/1972, nema annars sé getið, og gerðu. Frestur til höfðunar máls þessa samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972 byrjaði því að líða frá útgáfu leyfis til skilnaðar að borði og sæng hinn 15. janúar 1979, og var því löngu liðinn sá eins árs málshöfðunarfrestur, sem greinir í 2. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, er stefnandi höfðaði mál þetta. Kæmi ekki annað til, hefði því borið að

vísa máli þessu frá dómi ex officio. Að því leyti sem kröfur stefnanda eru byggðar á 1. mgr. 54. gr. laga nr. 60/1972, kemur því ekki frekar til álita.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að ógilda beri skilnaðarskilmála aðilja að öllu eða hluta með þeim rökum, sem 32. gr. laga nr. 7/1936 byggist á. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Dæma ber stefnanda til að greiða stefndu 3.800.- krónur í málskostnað. Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Þórunn Christiansen, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Björns Thoroddsen, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefndu 3.800.- krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 23. apríl 1982.

Ár 1982, föstudaginn 23.4., er fógetaréttur Hafnarfjarðar settur að Strandgötu 73 og haldinn með undirrituðum vottum af Bergi Oliverssyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið: 282/1982 Þórunn Christiansen gegn Birni Thoroddsen.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 endurrit dóms bæjarþings Hafnarfjarðar 19.2. 1982.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðni Guðnason hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 3.800, til greiðsludags kr. 570 v. gerðarbeiðni og móts, kr. 227,- í kostnað af endurriti og birtingu dóms, málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda (sic).

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Ásgeir Þór Árnason.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola Petro flygli og EMCO trésmíðavél. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólög-lærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Lögtaksgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 23. apríl 1982.

Ár 1982, föstudaginn 23. 4., er fógetaréttur Hafnarfjarðar settur að Strandgötu 73 og haldinn með undirrituðum vottum af Bergi Oliverssyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið: 283/1982 Þórunn Christiansen gegn Birni Thoroddsen.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 lögtaksúrskurð og nr. 3 endurrit úr fógetabók Hafnarfjarðar 28. janúar 1982.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Guðni Guðnason hdl. og krefst lögtaks fyrir kr. 31.213.50, í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda (sic).

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Ásgeir Þór Árnason, sem býr/starfar hér.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til lögtaks.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir lögtaki í eign gerðarþola Petro flygli og EMCO trésmíðavél. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeinngarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólög-lærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola lögtakið, að ekki megi ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.